

## L Ö G

84

23. júní

um viðauka við lög nr. 36 11. júlí 1911, um forgangsrétt kandidata frá Háskóla Íslands til embætta.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

Aftan við 1. gr. laganna bætist:

Þeir, sem lokið hafa kandidats- eða meistaraþrófi í íslenskum fræðum við heimspekideild háskólans, skulu hafa forgangsrétt um kennslu í íslenskri tungu, sögu og bókmenntum við alla skóla ríkisins, þegar kennsla í þessum greinum nemur fullu kennarastarfi eða sérstakur kennari er tekinn til starfsins.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört í Reykjavík, 23. júní 1936.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

## L Ö G

85

23. júní

um meðferð einkamála í héraði.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## I. KAFLI

## Um sáttir.

## 1. gr.

Hver hreppur og hver kaupstaður skal vera sáttaumdæmi. Dómsmálaráðherra getur þó gert breytingar á þessu eftir tillögum bæjarstjórnar eða hreppsnefndar.